



**Varðandi:** Flóasiglingar  
**Málsnúmer:** 1501150  
**Dagsetning:** 8. febrúar 2017

---


**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að auglýsa tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar um beina siglingu 50-100 manna ferju milli sveitarfélaganna sumarið 2017.

---

**GREINARGERÐ:** Lagt er til að bæjarráð samþykki að auglýst verði tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar um beina siglingu 50-100 manna ferju milli sveitarfélaganna sumarið 2017. Verkefnið verði skilgreint sem þróunarverkefni og standi yfir tímabilið 1. júní - 1. október 2017 með möguleika á framlengingu í eitt ár. Skipulags- og umhverfisviði verði falið að vinna auglýsingu í samvinnu við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg og Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Niðurstöður í hjálögðu verkefnisyfirliti starfshóps um flóasiglingar verði lagðar til grundvallar vinnu við fyrirkomulag og forsendur auglýsingar.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bærarstjóri